

Tillaga til 497. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. september 2022

Tillaga frá 1203. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 4. júlí 2022, um að samþykkja afnotasamning Ísafjarðarbæjar við Nostalgíu ehf. um lóðir að Höfðastíg 4-9 á Suðureyri.

13. Höfðastígur 4-9. Umsókn um lóðir - 2022010149

Á 578. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, þann 23. febrúar 2022, voru lagðar fram umsóknir Elíasar Guðmundssonar, f.h. Nostalgíu ehf., um lóðirnar Höfðastíg 4-9 á Suðureyri. Jafnframt óskaði umsækjandi eftir samvinnu Ísafjarðarbæjar við gerð lóðanna þar sem landfyllingu vantar á hluta svæðisins. Á 586. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, þann 27. júní voru lögð fram drög að afnotasamningi Ísafjarðarbæjar og Nostalgíu ehf. um lóðirnar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd bókaði að skýra þyrfti í samningnum hver beri ábyrgð á gatnagerð við lóðirnar. Nefndin benti á að hluti svæðisins er á A og B svæði ofanflóðahættumats og taka þyrfti tillit til þess við hönnun húsanna.

Að öðru leyti vísaði nefndin samningnum til bæjarráðs.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að uppfæra afnotasamning Ísafjarðarbæjar við Nostalgíu ehf. um lóðir að Höfðastíg 4-9 á Suðureyri, í samræmi við athugasemdir á fundinum, og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.